

Úthlutunarreglur Hvatasjóðs Íþróttahreyfingarinnar

1. gr.

Heiti sjóðsins

Sjóðurinn heitir Hvatasjóður Íþróttahreyfingarinnar og er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) og Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) með lögheimili að Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

2. gr. Markmið

Sjóðurinn veitir styrki til útbreiðslu íþróttastarfs á landsvísi í samræmi við styrktarsamning mennta- og barnamálaráðuneytisins við ÍSí og UMFÍ dags. 18. desember 2023. Markmið Hvatasjóðs er að styðja við útbreiðslu íþróttá og aukna þátttöku allra barna í íþróttum, með áherslu á aukna þátttöku barna með fötlun, þátttöku barna frá tekjulægri heimilum og þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

3. gr.

Skipan og hlutverk stjórnar

Sjóðsstjórn skal skipuð fimm einstaklingum. Framkvæmdastjórn ÍSí og stjórn UMFÍ skipa tvo aðila hvor í stjórn til tveggja ára í senn og mennta- og barnamálaráðuneyti einn. Sjóðsstjórn skiptir með sér verkum.

Sjóðsstjórn ber ábyrgð á auglýsingum vegna úthlutana úr sjóðnum og hefur það hlutverk að meta umsóknir um styrki í samræmi við markmið sjóðsins og áherslur hverju sinni eins og þær eru útfærðar í áðurnefndum samningi. Sjóðsstjórn fer yfir umsóknir, kallar eftir álit sérfræðinga og starfsmanna svæðisstöðva íþróttahéraða ef þörf krefur og gerir tillögu til framkvæmdastjórnar ÍSí og stjórnar UMFÍ um úthlutun styrkja úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn fer með eftirlit með nýtingu styrkveitinga. Sjóðsstjórn setur sér vinnureglur varðandi verklag við úthlutun sem lagðar skulu fyrir framkvæmdastjórn ÍSí og stjórn UMFÍ til staðfestingar.

4. gr.

Styrkhæfi verkefna

Styrkjum skal úthlutað til verkefna sem falla undir markmið og áherslur sjóðsins.

Styrkjum skal úthluta til verkefna til allt að eins árs í senn. Hver einstakur styrkur skal ekki nema hærri fjárhæð en 10% af heildarfjárheimild hvers árs.

Heimild til að sækja um úthlutun úr sjóðnum hafa:

- Íþróttahéruð.
- Íþróttafélög/deildir innan Íþróttahreyfingarinnar.
- Sérsambönd í samvinnu við deildir/félög sinnar íþróttagreinar, og/eða íþróttahéruð.

5. gr. Auglýsingar

ÍSí og UMFÍ auglýsa eftir umsóknum um styrki á vef beggja samtaka allt að fjórum sinnum á ári. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um sjóðinn og áherslur hans hverju sinni, hvar og hvernig skuli sækja um, auk upplýsinga um umsóknarfrest og hvenær umsóknir verða afgreiddar.

6. gr.

Umsóknir

Umsókn er skilað á þar til gerðu umsóknarformi fyrir lok auglýsts umsóknarfrests hverju sinni.

Umsókn skal innihalda eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

- Nafn umsækjanda (sambandsaðili/félag).
- Upplýsingar um aðra þátttakendur og samstarfsaðila í verkefninu, ef einhverjir eru.
- Nafn tengiliðar, þess sem annast samskipti vegna umsóknar.
- Nákvæm lýsing á verkefninu, markmiðum þess og rökstutt mat á áhrifum þess fyrir viðkomandi svæði.
- Lýsing á því hvernig árangur verkefnisins verður metinn.
- Tíma- og verkáætlun.
- Fjárhagsáætlun, þar sem koma m.a. fram upplýsingar um áætlaðan kostnað og hlutdeild annarra í kostnaði ef við á.
- Önnur gögn til stuðnings umsókn ef við á.

7. gr.

Úthlutun

Sjóðsstjórn gerir tillögu um úthlutun úr sjóðnum á grundvelli fyrirliggjandi umsókna sem lagðar skulu fyrir framkvæmdastjórn ÍSÍ og stjórn UMFÍ til endanlegrar staðfestingar. Tillögur sjóðsstjórnar skulu vera skriflegar og rökstuddar og byggðar á vinnureglum sjóðsins.

Styrkjum er úthlutað til allt að eins árs í senn. Nýti styrkþegi ekki styrk innan þess tíma fellur styrkurinn niður, nema sérstaklega sé sótt um framlengingu á ráðstöfun hans. Umsókn þess efnis skal vera skrifleg og rökstudd.

Staðfestar tillögur sjóðsstjórnar Hvatasjóðs íþróttahreyfingarinnar fela í sér endanlegar ákvarðanir um úthlutun úr sjóðnum.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um úthlutun birtir sjóðsstjórn upplýsingar um styrkþega og heiti verkefnis ásamt stuttri lýsingu á því og upphæð styrks á vef ÍSÍ og UMFÍ.

8. gr.

Skilmálar

Þegar tillaga um úthlutun styrks hefur verið staðfest skal gerður sérstakur samningur milli aðila þar sem markmið, greiðslur og önnur atriði vegna viðkomandi verkefna skulu skilgreind.

Þeir sem taka við styrkjum úr Hvatasjóði íþróttahreyfingarinnar skuldbinda sig til að:

- Verja styrknum eingöngu til þess verkefnis sem getið er í samningi sem gerður er við styrkþega vegna styrkveitingar.
- Taka fram í öllu kynningarefni um verkefnið að það sé styrkt af Hvatasjóði íþróttahreyfingarinnar.
- Skila greinargerð um árangur verkefnisins og fjárhagsuppgjöri skv. samningi.
- Veita stjórn sjóðsins upplýsingar um stöðu verkefnisins þegar þess er óskað og láta henni í té allar upplýsingar og gögn er það varðar, þar á meðal bókhaldsgögn.
- Tilkynna stjórn Hvatasjóðs ef upp koma aðstæður sem hafa veruleg áhrif á framgang verkefnisins.

Lokagreiðsla styrks kemur ekki til greiðslu fyrr en við lok verkefnis/verkefnishluta sem styrkur var veittur til og skil hafa verið gerð til sjóðsstjórnar á gögnum sem gerð er krafa um hverju sinni, svo sem greinargerð um framgang og lok verkefnis ásamt fjárhagsuppgjöri.

Sé styrkur ekki nýttur til fulls skal ónýttur styrkur endurgreiddur innan 30 daga frá því fjárhagsuppgjör lá fyrir.

Ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var getur sjóðsstjórn stöðvað styrkgreiðslur og krafist þess að styrkurinn verði endurgreiddur í heild eða að hluta, að viðbættum kostnaði við innheimtu. Áður en ákvörðun um slíkt er tekin skal styrkþega gefinn kostur á að lýsa afstöðu sinni til málsins.

9. gr.

Ársyfirlit

Fjárhag sjóðsins skal halda aðskildum frá almennum rekstri ÍSÍ og UMFÍ. Reikningsár hans er almanaksárið.

Sjóðsstjórn skal skila inn ársskýrslu til framkvæmdastjórnar ÍSÍ og stjórnar UMFÍ með upplýsingum um úthlutanir og almennri greinargerð ásamt ársyfirliti.

Ársyfirlit sjóðsins skal birt í ársskýrslum ÍSÍ og UMFÍ.

11. gr.

Gildistími

Úthlutunarreglur þessar öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ og stjórn UMFÍ hefur samþykkt hana.